

ÁRSYFIRLIT

Nordic Fish Leather ehf.

Rekstrarárið 2025

Rekstraraðili	Nordic Fish Leather ehf., kt. 601219-0930
Heimilisfang rekstraraðila	Almannakór 9, 203 Kópavogur
Starfsstöð	Strandgata 25, 460 Tálknafjörður
Starfsemi	Sútun, litun, þurrkun og frágangur fiskroðs
Starfsleyfi	Útgefið 5. maí 2025, gildir til 5. maí 2041
Leyfilegt hámark	15 tonn af fiskroði á ári
Ábyrgðarmaður	Hlynur Ársælsson
Dagsetning skjals	21. júlí 2026

Ársyfirlit samkvæmt gr. 4.2 í starfsleyfi. Skjalið er unnið vegna rekstrarársins 2025.

1. Tilgangur og grundvöllur yfirlitsins

Ársyfirlit þetta er tekið saman fyrir Nordic Fish Leather ehf. vegna rekstrarársins 1. janúar til 31. desember 2025. Yfirlitið er lagt fram samkvæmt gr. 4.2 í starfsleyfi félagsins og er ætlað að veita Umhverfis- og orkustofnun heildstætt yfirlit yfir umfang starfseminnar, helstu aðföng, orku- og vatnsnotkun, frárennsli, úrgang, mengunarvarnir, frávik og úrbætur.

Starfsleyfið heimilar hreinsun og sútu á allt að 15 tonnum af fiskroði á ári. Árið 2025 voru sútuð 6.517 kg af fiskroði og var starfsemin því innan heimilda starfsleyfis.

2. Starfsemi ársins

Nordic Fish Leather ehf., starfrækti fiskroðssútunarverksmiðju að Strandgötu 25 á Tálknafirði allt árið 2025. Engin lengri framleiðsluhlé urðu á árinu. Starfsemin fólst í móttöku fiskroðs, sútu, litun, þurrkun og frágangi fiskleðurs. Aðalhráefnið var laxaroð.

Framleiðsluskrá yfir sútunarlotur ársins var lögð til grundvallar raunverulegu vinnslumagni. Efnanotkun og vatnsnotkun eru hins vegar reiknuð og áætluð út frá skráðu vinnslumagni, framleiðsluuppskriftum og stöðluðum notkunarhlutföllum.

3. Framleiðslumagn og nýting starfsleyfis

Atriði	Magn 2025	Athugasemd
Fiskroð sem var raunverulega sútað	6.517 kg	Byggt á sútunarskrám ársins
Áætlaður fjöldi skinna fyrir vinnslu	62.563 skinn	Reiknað út frá 9,6 skinum á kg
Áætluð framleiðsla eftir rýrnun og afföll	61.312 skinn	Reiknuð tala
Áætlaður fjöldi skinna sem fékk áferð	4.905 skinn	Miðað við 8% hlutfall
Hámarksheimild starfsleyfis	15.000 kg	Ársheimild
Nýting ársheimildar	43,4%	6.517 kg / 15.000 kg

Framleiðslumagn ársins var þannig um 43,4% af leyfilegu hámarki samkvæmt starfsleyfi.

4. Hráefni og reiknuð efnanotkun

Efnanotkun ársins 2025 er reiknuð og áætluð út frá raunverulegu magni fiskroðs sem var sútað og þeim framleiðsluuppskriftum og viðmiðum sem notuð eru í starfseminni. Tölurnar byggjast ekki á fullri birgðatalningu við upphaf og lok árs og skulu því lesnar sem reiknuð eða áætluð notkun.

Flokkur	Reiknuð/áætluð notkun	Skýring
Efni í sútu	5.515,34 kg/l	Rétt eining er tilgreind fyrir hvert efni í efnanotkunarýfirliti
Efni í litun	1.029,69 kg/l	Reiknað samkvæmt framleiðsluuppskriftum
Áferðarefni	370,32 l	Áætluð notkun við þurrvinnslu og áferðir
Króm	782,04 kg	Reiknuð heildarnotkun

Ath.: Þar sem sum efni eru mæld í kg og önnur í lítrum er ekki sett fram ein sameinuð heildartala fyrir öll efni. Sundurliðað efnayfirlit fylgir sem sérstakt fylgiskjal.

5. Vatns- og orkunotkun

Atriði	Notkun 2025	Athugasemd
Kalt vatn	257,42 m ³	Áætlað út frá vinnslumagni og framleiðsluuppskriftum
Rafmagn	216.416 kWh	Raunnotkun samkvæmt rafmagnsgögnum
Heitt vatn	0 m ³ keypt	Aðeins kalt vatn tekið inn; hitað með rafmagni á starfsstöð
Olía	0 l	Engin olíunotkun hjá Nordic Fish Leather ehf.

Vatn sem notað er í framleiðslu er tekið inn kalt frá veitukerfi og hitað með rafmagni á starfsstöðinni. Engin olía er notuð í starfseminni.

6. Frárennsli og króm

Frárennsli frá starfseminni er leitt í fráveitu sveitarfélagsins. Engar raunverulegar sýnatökur eða rannsóknarstofumælingar á frárennsli voru framkvæmdar árið 2025. Tölur um magn og styrk króms eru því reiknaðar áætlanir, ekki mældar niðurstöður.

Atriði	Áætluð niðurstaða	Forsenda
Reiknuð krómnotkun	782,04 kg	Framleiðsluuppskriftir og vinnslumagn
Áætlað króm í frárennsli	195,51 kg	Miðað við að 25% af notuðu krómi berist í frárennsli
Áætlaður meðalstyrkur króms	759,5 mg/l	195,51 kg deilt með 257,42 m ³ vatns

Áætlaður meðalstyrkur er útreikningur og á ekki að túlka sem niðurstöðu sýnatöku eða rannsóknarstofumælingar.

7. Úrgangur og ráðstöfun

Úrgangur frá starfseminni var afhentur Kubb ehf. til móttöku og ráðstöfunar. Samkvæmt sundurliðuðu yfirliti frá Kubb ehf. var heildarmagn skráðs úrgangs frá Nordic Fish Leather ehf. árið 2025 650 kg.

Úrgangsflokkur	Magn	Hlutfall af heild
Blandaður úrgangur	550 kg	84,6%
Bylgjupappi	40 kg	6,2%
Pappír og pappi	10 kg	1,5%
Plast	50 kg	7,7%
Samtals	650 kg	100,0%

Úrgangsyfirlit Kubb ehf. fylgir ársyfirlitinu sem fylgiskjal. Engin olía er notuð í starfseminni.

8. Mengunaróhöpp, bilanir og kvartanir

Engin mengunaróhöpp urðu á starfsstöðinni árið 2025. Engar bilanir með umhverfisáhrif voru skráðar og engar kvartanir bárust vegna starfseinnar. Þetta samræmist einnig niðurstöðu eftirlits Umhverfisstofnunar frá september 2025, þar sem fram kom að engin mengunaróhöpp eða kvartanir væru skráðar frá fyrra eftirliti.

9. Eftirlit, frávik og úrbætur

Reglubundið eftirlit fór fram á starfsstöðinni 10. september 2025. Tvö frávik komu fram:

- Fullnægjandi ábyrgðartrygging vegna bráðamengunar hafs og stranda var ekki til staðar við eftirlitið. Fullnægjandi trygging barst stofnuninni 15. október 2025 og frávikinu var lokað.
- Efna- og olíutunnur voru geymdar án lekabyttna. Úrbætur voru síðar framkvæmdar og allar efna- og olíutunnur settar á lekabyttur.

Staðfesting á úrbótum vegna lekabyttna ásamt ljósmyndum var send Kristínu Kröyer hjá Umhverfis- og orkustofnun með tölvupósti 19. apríl 2026 kl. 19:09.

10. Mengunarvarnir og viðbragðsviðbúnaður

Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar og eldsvoða er til staðar á starfsstöðinni. Áætlunin lýsir ábyrgð og viðbrögðum starfsmanna, framkvæmdastjóra, hafnarvarðar og slökkviliðs. Við efnaleka skal meðal annars stöðva leka, kanna lekavarnir, loka niðurföllum og hefja hreinsun.

Áhættumat vegna bráðamengunar er einnig til staðar. Þar eru helstu mengunarhættupættir greindir og lekabyttur undir tunnum og brúsum tilgreindar sem forvörn. Öryggisblöð fyrir efni eru aðgengileg á starfsstöðinni og starfsmönnum er kynnt hlutverk sitt samkvæmt viðbragðsáætlun.

11. Samantekt

Starfsemi Nordic Fish Leather ehf. árið 2025 var innan umfangs starfsleyfis. Raunverulega voru sýtuð 6.517 kg af fiskroði, sem jafngildir 43,4% nýtingu 15 tonna ársheimildar. Engin mengunaróhöpp, umhverfistengd bilun eða kvörtun var skráð.


Efnanotkun og vatnsnotkun eru settar fram sem reiknaðar og áætlaðar tölur byggðar á raunverulegu vinnslumagni og framleiðsluuppskriftum. Frárennslismælingar voru ekki framkvæmdar og eru tölur um króm í frárennsli því áætlaðar, ekki mældar.

Úrbótum vegna ábyrgðartryggingar og lekabyttna hefur verið sinnt. Samkvæmt yfirliti Kubb ehf. var heildarmagn skráðs úrgangs árið 2025 650 kg, þar af 550 kg blandaður úrgangur, 40 kg bylgjupappi, 10 kg pappír og pappi og 50 kg plast.

12. Fylgiskjöl

- Framleiðslu- og sýtunarskrár ársins 2025.
- NFL - árleg efnanotkun 2025.
- Gögn um rafmagnsnotkun ársins 2025.
- Sundurliðað úrgangsyfirlit frá Kubb ehf. fyrir árið 2025.
- Viðbragðsáætlun og áhættumat vegna bráðamengunar, útgáfa 1.1, dags. 21. maí 2024.
- Staðfesting og ljósmyndir af lekabyttum, sendar 19. apríl 2026.

Tálknafirði, 21. júlí 2026

 NORDIC FISH LEATHER | Iceland

Hlynur Ársælsson

f.h. Nordic Fish Leather ehf.